

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/361****2020/EES/50/15****frá 17. desember 2019**

**um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfi ísogskæla, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggja að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um undanþegnu notkunina sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.
- 2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Sexgilt króm er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.
- 4) Undanþága frá takmörkun fyrir notkun sexgiltis króms sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfi ísogskæla, upp að 0,75% miðað við þyngd, í kælilausninni (hér á eftir nefnd undanþágan) er skráð í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Undanþágan átti að renna út 21. júlí 2016 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.
- 5) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á undanþágunni (hér á eftir nefnd beiðnin um endurnýjun) 20. janúar 2015 sem er innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Í samræmi við það ákvæði gildir undanþágan áfram þangað til ákvörðun um beiðnina um endurnýjun hefur verið samþykkt.
- 6) Mat á beiðninni um endurnýjun fól í sér samráð við hagsmunaaðila í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Matið, með tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað til notkunar og/eða um leyfi fyrir notkun efnanna sem skráð eru í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 <sup>(2)</sup>, leiddi til þeirrar niðurstöðu að núverandi undanþágu að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk skuli skipt upp í tvær undirfærslur þar sem orðalag endurspeglar skýrt framfarir á sviði vísinda og tækni að því er varðar útskiptingu sexgiltis króms sem er mismunandi eftir tegund notkunar.
- 7) Sexgilt króm (Cr(VI)) virkar sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfum ísogskæla. Það er notað til að mynda lag á innra yfirborði stálröra til að verja þau fyrir kælilausninni sem inniheldur ætandi ammoníak.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 112. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

<sup>(2)</sup> Samantekt á ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um leyfi til að setja á markað til notkunar og/eða um leyfi fyrir notkun efnanna sem eru skráð í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjttíð. ESB C 48, 15.2.2017, bls. 9).

- 8) Að því er varðar notkun með orkuinntak sem nemur  $\geq 75$  W og kerfi sem starfa að fullu með hiturum sem eru ekki rafknúnir (samsvarar notkun með háu hitastigi í katli), sem falla undir núverandi undanþágu, er enn ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út sexgiltu krómi eða taka það út vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum. Undanþága fyrir þessa notkun er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 <sup>(3)</sup> og dregur því ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.
- 9) Því er viðeigandi að veita umbeðna endurnýjun fyrir notkun sem felur í sér hátt hitastig í katli til 21. júlí 2021 í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og aðra undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að úmalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.
- 10) Að því er varðar notkun með orkuinntak sem er  $< 75$  W (samsvarar lágu hitastigi í katli), sem fellur sem stendur undir undanþáguna, eru skilyrðin fyrir endurnýjun, sem sett eru fram í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB, ekki lengur uppfyllt og ætti því að synja beiðninni um endurnýjun. Í samræmi við 6. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar ætti undanþágan fyrir þessa notkun að renna út 12 mánuðum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar.
- 11) Að því er varðar 8., 9. og 11. flokk gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Í þágu skýrleika laga ætti að tilgreina lokadagsetningarnar í III. viðauka við þá tilskipun.
- 12) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. apríl 2021.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæðin úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtið ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Í stað færslu 9 í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB kemur eftirfarandi:

„9	Sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfi ísogskæla, upp að 0,75%, miðað við þyngd, í kælilausninni	Gildir um 8., 9. og 11. flokk og fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
9a.I	Upp að 0,75% sexgilt króm miðað við þyngd, notað sem tæringarvarnarefni í kælilausninni í kolstálskælikerfi ísogskæla (þ.m.t. mínibörum), sem eru hannaðir til að starfa að fullu eða að hluta til með rafknúnum hitara sem nýtir orkuinntak sem nemur að meðaltali $\geq 75$ W við stöðug notkunarskilyrði	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk og fellur úr gildi 5. mars 2021.
9a.II	Upp að 0,75% sexgilt króm miðað við þyngd, notað sem tæringarvarnarefni í kælilausninni í kolstálskerfi ísogskæla: — sem eru hannaðir til að starfa að fullu eða að hluta til með rafknúnum hitara sem nýtir orkuinntak sem nemur að meðaltali $\geq 75$ W við stöðug notkunarskilyrði, — sem eru hannaðir til að starfa að fullu með hitara sem er ekki rafknúinn.	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk og fellur úr gildi 21. júlí 2021.“